


## 2.25 Kolmunni *Micromesistius poutassou*




**Kolmunni.** Veðisvæði íslenskra skipa árið 2014. Dekkstu svæðin sýna mestan afla (tonn/sjm<sup>2</sup>).

**Blue whiting.** Fishing grounds of the Icelandic fleet in 2014. Dark areas indicate highest catch (tonnes/nmi<sup>2</sup>).

### 2.25.1 Afla og árgangaskipan

Heildarafla og afla Íslendinga úr kolmunnastofninum frá 1970 er sýndur á mynd 2.25.1 og í töflu 3.25.1. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) lagði til að aflinn færi ekki yfir 949 þús. tonn árið 2014, en sú ákvörðun byggir á nýtingarstefnu frá árinu 2005. Ekki er lengur samkomulag um nýtingarstefnu meðal strandríkja og ákváðu þau að hámarksaflamark ársins 2014 yrði 1,2 milljónir tónna. Hluttur Íslands var tæp 195 þús. tonn, en áætlaður afla Íslendinga árið 2014 er 183 þús. tonn. Líkt og síðustu ár var mest veitt innan færeysku lögsögunnar, rúm 155 þús. tonn, og þar af voru 132 þús. tonn veidd í apríl–maí. Einungis tæp 16 þús. tonn voru veidd innan íslenskrar lögsögu. Á árunum 1997–2005 var um 61% afla íslenskra skipa veiddur í íslenskrri lögsögu, en um 12% á árunum 2006–2013.



Mynd 2.25.1. **Kolmunni.** Heildarafla og afla Íslendinga.

Figure 2.25.1. **Blue whiting.** Total landings and Icelandic landings.


Árið 2013 voru árgangarnir frá 2009 og 2010 um 40% af fjölda fiska í afla, líkt og árið áður. Upplýsingar um árgangaskipan í afla árið 2014 liggja ekki fyrir.

### 2.25.2 Stofnmælingar

Allt frá 1983 hafa Norðmenn og Rússar mælt stærð hrygningarstofns kolmunna með bergmálmælingum á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja og sunnan Færeyja í mars–apríl hvert ár. Frá árinu 2004 hafa Færeyingar og Evrópursambandið einnig komið að rannsóknunum. Vísitölur hrygningarstofns frá þessum leiðangri notar ICES við mat á stærð stofnsins. Fyrstu niðurstöður 2015 leiðangursins benda til að stofninn sé mun minni en gert var ráð fyrir og á það við um alla aldurshópa 4 ára og eldri. Yngri aldurshópar eru stórir líkt og í fyrra.

### 2.25.3 Ástand stofnsins og horfur


Nýjasta mat á stærð stofnsins er frá október 2014. Samkvæmt því hefur hrygningarstofninn stækkað úr 2,9 milljónum tonna árið 2010 í um 5,5 milljónir tonna árið 2014 (mynd 2.25.2). Miðað við að aflinn nemi 1,2 milljónum tonna árið 2014 þá er áætlað að hrygningarstofninn verði 5,7 milljónir tonna árið 2015. Þessi aukning á stærð hrygningarstofnsins er afleiðing minni sóknar og bættrar nýliðunar frá 2010 (mynd 2.25.3).



Mynd 2.25.2. **Kolmuni.** Stærð hrygningarstofns og veiðidánartala (3–7 ára).

Figure 2.25.2. **Blue whiting.** Spawning stock biomass and fishing mortality ( $F_{3-7}$ ).

Árgangar 2005–2008 eru metnir þeir minnstu frá upphafi og leiddi það til minnkunar hrygningarstofnsins til ársins 2011. Árgangar 2009–2013 eru nálægt langtíma meðaltali, en þó er stærð árganganna frá 2012 og 2013 enn óviss. Ungkolmuni er mældur í alþjóðlegum leiðangri í Norðaustur Atlantshafi í maí (getið er um leiðangurinn í kaflanum um norsk-íslensku síldina). Í leiðangrinum árið 2014 var vísitala árganganna frá 2012 og 2013 nálægt langtíma meðaltali. Í íslenska hluta leiðangursins árið 2014 mældist töluvert meira af ungtkolmunna sunnan og vestan við land en árin á undan. Í nýafstöðnum leiðangri á sömu slóðum mældist heldur minna af kolmunna en árið 2014. Niðurstöður alþjóðlega leiðangursins í maí 2015 munu liggja fyrir í lok júní.



Mynd 2.25.3. **Kolmuni.** Stærð árganga við 1 árs aldur (í milljörðum).

Figure 2.25.3. **Blue whiting.** Size of year classes at age 1 (in billions).

### 2.25.4 Ráðgjöf

ICES lagði til að ekki yrðu veidd meira en 840 þús. tonn af kolmunna árið 2015, í samræmi við nýtingarstefnu strandríkja um kolmunna frá 2005. Ekki er lengur samkomulag um nýtingarstefnuna og ákveðið var að aflamark yrði 1 260 þús. tonn árið 2015. Í samræmi við það er hlutur Íslendinga 203 þús. tonn. Strandríkin hafa beðið ICES um að meta nýjar tillögur að nýtingarstefnu.

Aflatillögur ICES fyrir árið 2016 munu liggja fyrir í október 2015 að loknum haustfundi ráðgjafarnefndar þess.